

GEÐVERND

ÁRSRIT GEÐVERNDARFÉLAGS ÍSLANDS

18. árgangur

RITNEFND:

Ingibjörg Pála Jónsdóttir

Gylfi Ásmundsson

Ingólfur S. Sveinsson

Ásgeir Bjarnason (áb.)



REYKJAVÍK 1985



e-rcu

EFNI

	Bls.
Frá ritnefnd	5
Um félagslega endurhæfingu: Sigrún Júlíusdóttir	7
✕ Hvað er áfangastaður?: Ingólfur S. Sveinsson	8
✕ Áfangastaðir – Mat á starfsemi: Anni Haugen, Dóra Júlíussen og Elín Þ. Snædal	11
Starfsþjálfun og atvinnumál: Sigurrós Sigurðardóttir	18
✕ Dagdeildir: Bjarney Kristjánsdóttir	23
✕ Iðjuþjálfun: Elín Ebba Ásmundsdóttir og Kristjana Fenger	25
Tvær nýstárlegar aðferðir í meðferð og endurhæfingu geðsjúkra: Hope Knútsson	32
Félag byggt á bjartsýni – brot úr sögu Geðhjálpar: Hope Knútsson, Sigríður Þorsteinsdóttir, Nanna Þorláksdóttir, Birna Bergsdóttir og Jóhanna Þráinsdóttir	34
Biofeedback: Eiríkur Örn Arnarson	37
Hvað á að segja dauðvona sjúklingi? Gunnar Helgi Guðmundsson	47
Eru geðræn vandamál sjúkdómur? Jónas Guðafsson	51
Útdráttur úr bókinni The Uses of Enchantment: Guðrún Th. Sigurðardóttir	58
Handleiðsla í meðferðarstarfi: Ingibjörg P. Jónsdóttir	62
Handleiðsla nema: Kristín Kristmundsdóttir	66
Andfélagsleg ofdrykkja og hættumerki hennar í bernsku: Gylfi Ásmundsson og Tómas Helgason	69
Ungt fólk og vímuefni: Hannes Hilmarsson	75
Hláturinn lengir lífið: Hope Knútsson	80
Reikningar Geðverndarfélagins	81



REKJALVÍK 1985

og kreppumið-
trekar en inni á
ur um að Geð-
ðum vinnustað

hugmynd um
pi, blöðum og
merkjasöludags
ga gert í sam-
engið styrk frá
eka félagsmið-
pegar. Hús-
m að því að fá
nest fjölbreytta
okkar einnig að
stöðugt í mót-
þar fram sýnir
Margir félags-
itt við geðræn
starfinu. Þarna
llum aldri, ein-
ið taka ábyrgð
ir glæðast um
afólk um þessi
r megj rættast.

Mars 1984.

öghjálpar
aður Geðhjálpar

Dr. Eiríkur Örn Arnarsson sálfræðingur:

Biofeedback

Biofeedback er lækningaaðferð sem á rætur sínar að rekja til tilrauna er framkvæmdar voru í Bandaríkjunum á sjötta áratugnum. Þessar rannsóknir gáfu til kynna að hægt væri að kenna tilraunadýrum að ná valdi á líkamsstarfsemi undir stjórn ANS (Autonomic Nervous System) sem fram að því hafði verið talið sjálfvirk. Sem dæmi má nefna rannsóknir Millers og DiCara (1967) sem þjálfuðu rottur til að auka og minnka hjartslátt sinn að meðaltali um 20% bæði upp fyrir og niður fyrir grunnlinu.

Árið 1968 birtu sömu höfundar niðurstöður rannsókna þar sem rottur höfðu verið þjálfadar til að auka blóðrennsli í öðru ytra eyra án teljandi breytinga á blóðrennsli í gagnstæðu eyra og án mælanlegra breytinga á blóðrennsli til frampófa. Blóðrennsli-breytingarnar í eyranu voru einnig óháðar hjartslætti, líkamshita og blóðrennsli í skotti.

Höfundar drógu þá ályktun af þessum niðurstöðum að ná mætti mun meira valdi á stjórn ANS og sléttra vöðva en áður hafði verið álitð.


1969 birti Neil Miller grein í Science sem gekk í berhögg við þá hefðbundnu skoðun að ANS og sú líkamsstarfsemi, sem það stjórnaði, væri sjálfvirk og þar af leiðandi ekki hægt að móta starfsemi þess. Hin almenna skoðun hafði verið sú að líkamsstarfsemi, sem lyti stjórn ANS, svo sem hjartslætti, blóðþrýstingi og rafspennubreytingum (Galvanic Skin Response) í húð, væri ekki hægt að breyta á svipadán hátt og líkamsstarfsemi þeirri, sem lyti miðtaugakerfinu. Í þessari grein birti Miller niðurstöður rannsókna á dýrum sem sýndu fram á að margs konar líkamsstarfsemi undir stjórn ANS mætti auka og minnka með virkri skilyrðingu (operant conditioning). Þessar niðurstöður urðu hvati til biofeedback rannsókna á mönnum. Reynt var að nota biofeedback til þess að móta líkamsstarfsemi sem laut stjórn ANS og hingað til hafði verið álitin sjálfvirk.

Biofeedback beinist að því að kenna stjórn á þrenns konar lífeðlisfræðilegum viðbrögðum:

1. Viðbrögðum sem venjulega lúta ekki meðvitaðri stjórn svo sem kvíða, sálvefrænum truflunum (psychosomatic disorders), vöðvagigt (myosis), migreni og spennuhöfuðverk.

Með öðrum orðum þar sem lífeðlisfræðileg starfsemi (physiological parameter) endurspeglar vandamálið en ekki orsök þess. Líffærið er ekki skemmt sem slíkt heldur illa stjórnað og óvenju viðkvæmt fyrir umhverfisbreytingum.

2. Viðbrögðum sem auðvelt er að stjórna, við venjulegar kringumstæður, en þar sem stjórn hefur skerast vegna sjúkdóms eða sköddunar (trauma), t.d. krampa (spasticity) og taugaskerðingar (nerve injury).
3. Viðbrögðum þar sem stjórn er meðvituð en má bæta svo sem við smásjárskurðaðgerðir (microsurgery) eða hljóðskrafi (subvocalization).



Mynd 1

Biofeedback má skipta í þrjú starfræn stig (three operational stages) sem flestum er rafeindafræðilega stjórnað (electronically preformed). Hið fyrsta lýtur að mælingum með elektróðum (electrodes) og mögnun (amplification) hinnar lífeðlisfræðilegu starfsemi, sem valin hefur verið, svo sem hjartsláttar, blóðþrýstings, vöðvaspennu eða heilabylgna.

Á næsta stigi er þessum merkjum breytt í merki sem annað hvort sjást eða heyrist, með öðrum orðum hinum mögnuðu rafeindamerkjum (amplified electronic impulses) fyrsta stigs er breytt í flóktandi merki sem maðurinn sér eða heyrir.

Á lokastigi skynjar hann merki annars stigs. Líkamsstarfsemi hefur verið mögnuð og síðan breytt í merki í biofeedback tækinu sem endurspeglar breytingar á líkamsstarfseminni.

Grundvallarskilyrði er að starfsemi líkamans sé mæld stöðugt og af nógu mikilli nákvæmni til að nema sveiflukenndar breytingar á starfseminni. Á þennan hátt má veita skjólstæðingnum upplýsingar um líkamsviðbrögð, stærð þeirra og í hvaða átt þau færast (of a given amplitude or direction) nær samtímis og þau eiga sér stað.


Að vissu leyti er biofeedback ekki nýtt; það er eins gamalt og elstu þróunarform lífsins og það má finna á öllum stigum þess, allt frá samskiptum milli einstakra fruma til félagslegra samskipta. Það sem er nýtt við biofeedback er að nú er hægt að læra að ná stjórn á ákveðnum þáttum líkamsstarfseminnar með því að fá upplýsingar um starfsemi líkamans allt að því um leið og hún á sér stað með tónum eða sjónmerkjum.

Ekki er það ný hugmynd að hægt kynni að vera að ná valdi á ýmiss konar starfsemi líkamans. Þarf varla annað en að leiða hugann að YOGA og ZEN til að gera sér grein fyrir hve lengi þessi hugmynd hefur verið við lýði. Einnig var hugmyndin orðin vel kunn á Vesturlöndum á fjórða áratugnum. Má sem dæmi nefna slökunaræfingar Jacobsons sem beinast að því að fara kerfisbundið yfir þverrákötta vöðva líkamans og reyna að slaka á þeim sem eru í spennu. Þessi aðferð byggir á þeirri skoðun að náð samband sé milli vöðvaspennu og geðbrigða einstaklingsins (Jacobson, 1938). Síðan hafa aðrar aðferðir litið dagsins ljós, svo sem þær sem kenndar eru við Luthes (Autogenic Training 1963, 1965, 1969) og Benson (The Relaxation Response 1974, 1975, a, b).

Með því að taka þátt í biofeedback þjálfun kynnist sjúklingurinn hugsanlegum tengslum milli skynjunar líkamans og þess líkamlega ástands sem hann fær upplýsingar um. Ef til vill kemst hann að því um leið og hann nær valdi á biofeedback-merkinu að þá breytist hugarástand hans eða samfara breytingum á hugarástandi þá breytist biofeedback-merkið. Biofeedback þjálfun er eins og annað nám háð því að heilinn fái upplýsingar frá augum, eyrum eða öðrum skynstöðvum sem tjá nemandanum hvort honum er að takast eða mistakast að ná valdi á því sem hann er að læra. Það sem aðgreinir biofeedback þjálfun og annað nám er að skjólstæðingurinn fær upplýsingar með biofeedback-tækinu sem gerir honum kleift að læra að ná valdi á líkamsstarfsemi sem áður var ómeðvituð.

Nú til dags nýtur ýmiss konar meðferð án lyfja ört vaxandi áhuga. Biofeedback er dæmi um meðferð sem leitast við að kenna skjólstæðingnum að ná af

sjálfsdáðum valdi á eigin líkamsstarfsemi. Vissar aðferðir í klínisku biofeedback hafa sannað ágæti sitt við að draga úr einkennum vefrænna taugasjúkdóma (neurological symptoms) sérstaklega hjá sjúklingum sem þjást af máttleysi (paresis) og krampa (spasticity) vegna skerðingar á efri hreyfitaug (upper motorneuron).



Mynd 2

Við biofeedback meðferð eru notuð rafeindatæki sem endurspeglar eðlilega eða óeðlilega líkamsstarfsemi, s.s. hitastig húðar, vöðvaspennu, blóðþrýsting, rafspennubreytingar í húð o.s.frv. Til að kenna skjólstæðingnum að ná valdi á þessari starfsemi líkamans með sjón- eða tónmerkjum. Með breytingu á líkamsstarfsemi breytast merkin. Á þennan hátt getur skjólstæðingurinn lært að hafa áhrif á starfsemi líffæra, jafnvel þeirra sem álitin eru sjálfvirk. Þegar t.d. hitastig húðar hækkar þá eykst útsláttur mælis og þegar hann lækkar þá minnkar útslátturinn.

Biofeedback má líkja við það að aka bíl; læra hvernig hægt er að stjórna vélinni með því að breyta stiginu á bensínjöfina. Biofeedback svipar til heyrnartækis. Í biofeedback-tæki er mögnuð sú starfsemi

líkamans sem að Heilbrigðisráðið hefur færa sinna. Með „hækka“ merki s megli skynja og þeirra.

Allt nám er þá maður að læra tveggja, örín og maður að fá upplýsingar ná leikni í að hitt



Mynd 3


Biofeedback-tæki betur áskynja um notar upplýsingar seinninn.

Sé hlustunartæki með eigin hjartslátt tæki. Á þann hátt fylgir auknum og síðan að ná valdi er hægt að bæta og endurvarpa h skynja minni breytingu. Einnig má getur horft á og hverju augnabliki úr merkinu sem væri t.d. tveim næstu á undan.

Eftir þessa alrétt að fjalla um biofeedback meðferð h reynt að rekja n hafa verið á not


Fyrst mun ég kvæða (kviði, s

semi. Vissar að-
 nnað ágæti sitt
 na taugasjúk-
 erstaklega hjá
 (paresis) og
 r á efri hreyfi-



líkamans sem að öllu jöfnu er neðan skynþröskulds. Heilbrigður maður veit yfirleitt ekki af starfsemi líffæra sinna. Með aðstoð ytri-feedback hringrásar má „hækka“ merki sem líffærin gefa frá sér svo að þau megi skynja og ná á þann hátt valdi á starfsemi þeirra.

Allt nám er háð upplýsingum um árangur. Sé maður að læra að skjóta ör af boga þarf hvort tveggja, örinn og markið, að sjást og einnig verður maður að fá upplýsingar um árangur skotsins til að ná leikni í að hitta í mark.



Mynd 3

Biofeedback-tæki er sérhvert tæki sem gerir fólk betur áskynja um starfsemi líkama síns en ella og notar upplýsingar tækisins til að ná stjórn á starfsemi.

Sé hlustunartæki (stetoskop) notað til að fylgjast með eigin hjartslætti má líta á það sem biofeedback-tæki. Á þann hátt má komast að því hvernig tilfinning fylgir auknum og minnkum hjartslætti og reyna síðan að ná valdi á hjartslættinum. Hlustunartækið er hægt að bæta rafeindafræðilega; magna hjartslátt og endurvarpa honum með hátalara svo hægt sé að skynja minni breytingar en með venjulegu hlustunartæki. Einnig má tengja tækið við mæli sem sjúklingur getur horft á og séð af vísi hver hjartsláttur hans er á hverju augnabliki. Þar að auki má láta tölvu vinna úr merkinu sem breytti ljósi hvenær sem hjartsláttur væri t.d. tveim af hundraði hraðari en mínútuna næstu á undan.

Eftir þessa almennu kynningu á biofeedback er rétt að fjalla um hin einstöku svið þar sem biofeedback-meðferð hefur verið beitt. Til glöggvunar mun reynt að rekja nokkrar þeirra rannsóknar sem gerðar hafa verið á notagildi biofeedback.

Fyrst mun ég tala um meðferð sálrænna vandkvæða (kviði, spennuhöfuðverkur, migreni, asthmi),

síðan endurhæfingu fatlaðra, þá hjarta- og æðatruflianir (Raynaud's disease, háþrýstingur, lágþrýstingur) og svo biofeedback frá heilariti í meðferð flogaveikra.

Fram til þessa hefur EMG-feedback (þ.e. feedback frá vöðvavirkni) aðallega verið notað á tvennan hátt.

Í fyrsta lagi til að bæta stjórn á þverrákóttum vöðvum þar sem stjórn vöðvanna hefur ekki náð að þroskast eðlilega eða þar sem hún er minni en skyldi vegna skerðingar og með því að draga úr starfsemi ofvirkra eða spastískra vöðva.

Í öðru lagi er um mótun á vöðvavirkni að ræða til að hafa áhrif á aðra hluta líkamstarfseminnar en vöðvavirkni sem slíka. Þau viðbrögð sem meðferðin beinist að er ekki sjálf vöðvavirknin en breyting á vöðvavirkni getur skipt meginmáli varðandi hvort tekst að móta hina óæskilegu svörum líkamans við áreitum umhverfisins. Þessi vandamál snerta einkum vöðva sem er illa stjórnað eða verða ofvirkir vegna áreita umhverfisins en starfa að öðru leyti eðlilega.

EMG-BIOFEEDBACK

Vöðvastjórn

Þyngd þverrákóttra vöðva, en það nefnast þeir vöðvar sem stjórna hreyfingum líkamans, er um 50% af líkamspunga og vöðvastarfsemi er óaðskiljanlegur hluti af því að: a) aðlaga einstaklinginn að umhverfinu og b) bregðast við kviðavekjandi aðstæðum.

Það er því almennt álitid að þjálfun í vöðvaslökun og sú ró sem henni fylgir sé stórt skref í þá átt að draga úr líkamlegum viðbrögðum við kviðavekjandi áreitum og gengið út frá því að mótun starfsemi þeirra vöðva sem endurspeglar vandamálið geti haft áhrif á vandamálið sjálft.

Við kviðavekjandi aðstæður þarf stöðugt að ganga á andlegt og líkamlegt forðabúr sem byggt hefur verið upp, sem kallar á aukna virkni hins sympathetic hluta sjálfvirka taugakerfisins (sympathetic nervous system) og vöðvaspenna eykst sem undirbýr einstaklinginn undir að takast á við ógnanir og yfirvofandi hættu — „að duga eða drepast viðbragðið“ er vakið upp. Þeir sem oft neyðast til að ganga á hið andlega og líkamlega forðabúr missa smám saman hæfileikann til að bregðast við á gagnstæðan hátt sem nauðsynlegt er til andlegrar og líkamlegrar enduruppbyggingar.

Það má gera ráð fyrir að viðbrögð við kviðavekjandi kringumstæðum megi laga að einhverju leyti og líklegt er að styrkja megi slíka mótun með biofeedback-meðferð. Með því að draga úr spennu og hugaruppnámi með biofeedback næst lífðælisfræði-

EMG-biofeedback

- i Endurhæfing vöðva
Ná betra valdi á stjörn þverráköttra vöðva þar sem stjörn er:
 - a) vanþroska
 - b) skert
- ii Vöðvastjórn
Mótun vöðvavirkni (EMG-levels) þar sem hún endurspeglar vandamál, s.s. í kviða og sálvefrænum truflunum.

Mynd 4

legt ástand sem er andstætt því sem kviðavekjandi kringumstæður leiða til.

Biofeedback spannar nú stórt svið og hefur notkun á biofeedback við klínískar aðstæður aukist langt umfram það sem marka má af vísindagreinum. Þjálfun í slökun með EMG-biofeedback er mikilsvert framlag til að ná áreiðanlegri og mælanlegri almenntri slökun. Slik slökun er grunduð á vöðvafeedback.

Gert er ráð fyrir að slökun ennisvöðva leiði til almennrar slökunar líkamans.

Slökun með EMG-biofeedback byggist á tveim forsendum. Í fyrsta lagi að vöðvaslökun á þverráköttrum vöðvum eins og ennisvöðvum alhæfist til annarra þverráköttra vöðva án þess að þeir séu sérstaklega þjálfaðir í slökun og í öðru lagi að sú tilfinning að vera afslappaður sé í beinum tengslum við hina minnkuðu vöðvavirkni sem skjólstæðingurinn hefur lært. Með öðrum orðum: samfara breytingum á slökunartilfinningu eru breytingar á vöðvavirkni ennisvöðva: eða að minnkun á vöðvavirkni ennisvöðva leiði til aukinnar slökunartilfinningar.

Biofeedback-meðferð hefur verið notuð til þess að draga úr virkni SNS og vöðvaspennu (Epstein & Blanchard 1977 (a); Blanchard & Epstein 1978) og hefur slik meðferð verið reynd við spennuhöfuðverk (Arnarson, 1979), migreni (Reading & Mohr, 1976; Blanchard et al 1978), kviða (Arnarson, 1983) astma (Alexander et al, 1972; Scherr et al 1978), ofvirkni ('hyperactivity') (Braud et al, 1975), stami (Guitar, 1975, Lanyon et al, 1976) og svefnleysi (Montgomery et al 1974, Haynes et al 1977), svo dæmi séu nefnd.

Notkun á biofeedback í meðferð á spennuhöfuðverk

Talað hefur verið um höfuðverk sem algengasta kvilla sem hrjáir manninn, og áætlað hefur verið að

um 90% af mannkyninu finni til höfuðverkar einhvern tíma á ævinni (Dalesso, 1971; Freese, 1973).

Um það bil 90% af höfuðverkjaskjúklungum eiga annað hvort við spennuhöfuðverk, migreni eða sambland þessara tveggja tegunda að stríða (Friedman, 1964).

Af þeim sem þjást af höfuðverk er aðeins örlitill hluti (5%) sem hefur höfuðverk vegna slyss eða sjúkdóms. (Melloff, 1973). Í þeim tilfellum er höfuðverkurinn tengdur heilaskóddun, háþrýstingi, æxli í heila o.s.frv.

Áætlað hefur verið að tíðni migreni-tilfella á höfuðverkjadeildum væri aðeins um 15-20% af öllum höfuðverkjatilfellum (Appenzeller, 1973). Aðrir virtust tilheyra hópi sem hafði annað hvort spennuhöfuðverk eða höfuðverk tengdan þunglyndi eða öðrum geðrænum kvillum.

Niðurstöður annarra rannsókna benda til þess að spennuhöfuðverkur sé þrisvar til fjórum sinnum algengari en migreni.

Spennuhöfuðverk er jafnan lýst sem stöðugum, vægum sársauka aftarlega í höfði eða hnakka sem oft nær fram til ennis. Oftast er sársaukanum lýst sem herþings- eða hettutilfinningu kringum höfuðið en stundum er sársaukinn aðeins sagður vera öðrum megin í höfði. Höfuðverkirnir vara allt frá hálfri klukkustund til margra mánaða.

Það er þess virði að gefa því gaum að spennuhöfuðverkir eru oft greindir með útilokunaraðferðinni. Með öðrum orðum, þeir virðast aldrei stafa af sjúkdómi og eru ekki tengdir migrenieinkennum. Þeir byrja báðum megin í höfði, án ógledis og undanfaraeinkenna og með litlum eða engum æðaslætti í höfði.

Eitt aðalvandamálið við að ákveða greiningu eru hinir mörgu þættir sem eru sameiginlegir með migreni og spennuhöfuðverk. Bornir hafa verið saman sjúklingar sem þjádust af migreni og spennuhöfuðverk (Bakal et al 1977). Ekki fannst neinn marktækur munur á hópunum hvað varðaði: a) fjölda verkjastaða, b) sársauka á verkjastað, c) æðaslátt í höfði samfara höfuðverk, d) sjóntruflanir samfara höfuðverk, e) fjölskyldusögu um höfuðverki. Ógledis og uppsölur voru marktækt algengari hjá þeim sem þjást af migreni (72%) en spennuhöfuðverk (36%).

Það er varla undrunarefni að slæmt migreniskast leiðir til aukinnar vöðvaspennu. Á sama hátt er ekki ólíklegt að slæmur spennuhöfuðverkur leiði til samdráttar í þeim slagæðum sem máli skipta. Hin skörpu skil sem oft eru gerð á milli þessara tveggja tegunda höfuðverkja virðast fremur til hægðarauka en til að auka nákvæmni greiningarinnar.

Fræðilegur g

Það er álit
verkur sé afle
hnakka-, hals
Martin 1966).

Talið hefur
þjást af spenn
en þeir sem e
(Malmo et al
kalla við spe
sem þjádust a
stæður hjá fól

Síðari ranns
að þeir sem
vöðvaspennu
sem ekki þjá
spenna ætíð s
et al, 1977 (b)

Niðurstöður
hafa bent til þ
lega á milli þe
þeirra sem ek
staklingarnir
Einnig hefur r
við streituvek
þjást af spenn

Árangur biofe
höfuðverk

Árið 1970 (p
stöður fyrstu
frá ennisvöðv
Par var beitt
viðbættum slö
voru að samfa
tíðni höfuðver
sókn (Budzyn
placebo contr
að taka mætt
(placebo effe
Niðurstöður u
saman EMG-
reglubundnum
marktækur mu
hópnum og ath
eftirmeðferðar
stillandi og ró
um og 4 hættu
var minni lyfja
fyrir meðferð
feedback þjálfu
slökun við me

Síðari ranns
óháðs biofee

Fræðilegur grundvöllur

Það er álit margra sérfræðinga að spennuhöfuðverkur sé afleiðing stöðugs samdráttar í andlits-, hnakka-, háls- og axlarvöðvum (Ostfeld, 1962; Martin 1966).

Talið hefur verið (Malmo et al 1949) að þeir sem þjást af spennuhöfuðverk sýni meiri vöðvaspennu en þeir sem ekki þjást af höfuðverk. Sýnt var fram á (Malmo et al, 1950) að þessa höfuðverki mætti framkalla við spennuvekjandi kringumstæður hjá fólki sem þjáðist af spennuhöfuðverk.

Stæður hjá fólki sem þjáðist af spennuhöfuðverk. Síðari rannsókn (Sainsbury et al. 1954) leiddi í ljós að þeir sem þjást af spennuhöfuðverk hafi hærri vöðvaspennu í ennisvöðvum í hvíld heldur en fólk sem ekki þjáist af þessum kvilla. Ekki er of há spenna ætíð samfara spennuhöfuðverkjum (Epstein et al, 1977 (b) Heynes et al. 1974).

Niðurstöður rannsókna (Van Boxtel et al 1978) hafa bent til þess að ennisvöðvarnir skilji áreiðanlega á milli þeirra sem þjást af spennuhöfuðverk og þeirra sem ekki þjást af þeim kvilla á meðan einstaklingarnir glíma við spennuvekjandi verkefni. Einnig hefur marktækt ennisvöðvaviðbragð fundist við streituvekjandi kringumstæður hjá þeim sem þjást af spennuhöfuðverk. (Philips, 1977)

Árangur biofeedback-meðferðar á spennuhöfuðverk

Árið 1970 (Budzynski et al, 1970) birtust niðurstöður fyrstu rannsóknar á notkun EMG-feedback frá ennisvöðvum sem meðferð á spennuhöfuðverk. Þar var beitt heyrnar-feedback á tilraunastofu að viðbættum slökunaræfingum heima við. Niðurstöður voru að samfara meðferð lækkaði vöðvaspennu og tíðni höfuðverkja heima við minnkaði. Í síðari rannsókn (Budzynski, 1973) var athyglisþóp (attention placebo control group) bætt við fyrri rannsókn svo að taka mætti tillit til þeirrar athygli þóknunarhrifa (placebo effect) sem slíkrri meðferð er samfara. Niðurstöður undirstrika mikilvirkni þess að blanda saman EMG-feedback og þjálfun í slökun ásamt reglubundnum heimaæfingum í slökun. Það var marktækur munur á minnkun höfuðverkja í tilraunahópnum og athyglisþópnum bæði í lok meðferðar og eftirmeðferðar. Það dró marktækt úr neyslu verkjastillandi og róandi lyfja meðal allra 6 í tilraunahópnum og 4 hættu allri lyfjaneyslu og í athyglisþópnum var minni lyfjataka við höfuðverk eftir en verið hafði fyrir meðferð. Þessi rannsókn styður notkun EMG-feedback þjálfunar og reglubundinna heimaæfinga í slökun við meðferð á spennuhöfuðverk.

Síðari rannsókn (Philips, 1977) á notkun EMG- og óháðs biofeedback (noncontingent biofeedback)

meðferða við spennuhöfuðverk og blönduðum migreni höfuðverkjum beindi athygli að vöðvavirkni (EMG-activity), tíðni lyfjatöku og hve slæmir höfuðverkirnir væru. EMG-biofeedback var veitt frá þeim vöðva (ennis- eða gagnaugavöðva) sem spenntastur var óáreittur og án höfuðverkja. Niðurstöðurnar bentu til að biofeedback væri mun betra en óháð feedback til að minnka vöðvaspennu í hvíld, höfuðverki, tíðni lyfjatöku og tíðni höfuðverkja.

Niðurstöður á eftirmeðferðarrannsóknum á 556 höfuðverkjasjúklingum sem fengið höfðu biofeedback-meðferð birtust 1978 (Diamond et al 1978). Sjúklingarnir luku meðferð á tímabilinu frá september 1972 til janúar 1977. Áður en meðferð hófst voru allir þeir sem þátt tóku í rannsókninni skoðaðir nákvæmlega af taugalækni. Engin stoðmeðferð fór fram samhliða biofeedback-þjálfun.

Eftirmeðferðarkönnun gaf til kynna að 74% sjúklinganna töldu sig hafa haft gagn af biofeedback. Af þeim sem töldu sig hafa haft varanlegt gagn af meðferðinni án afturhvarfs höfuðverkja voru 37% úr migren-hópi, 26% úr blönduðum höfuðverkjahópi og 33% úr spennuhöfuðverkjahópi.

Þegar á heildina er litið má draga eftirfarandi ályktanir af rannsóknum á notkun biofeedback við spennuhöfuðverk (Arnarson, 1979): sjá einnig Gunnarsdóttir & Sigsteinsdóttir 1983.

1. EMG-feedback frá ennisvöðvum lofar góðu við að draga úr spennuhöfuðverkjum.
2. EMG-feedback frá ennisvöðvum virðist fljótvirkari til að minnka höfuðverki og vöðvavirkni (EMG-levels) í ennisvöðvum en slökunaraðferðir sem ekki byggjast á biofeedback.
3. Slökunaraðferðir sem ekki byggja á notkun biofeedback geta einnig verið áhrifaríkar í baráttunni við spennuhöfuðverk.
4. Höfuðverkjasjúklingar eru næmir fyrir þóknunarhrifum (placebo effects); þessi hrif eru þó ekki eins áhrifamikil og áhrif biofeedback-meðferðar og annarra slökunaræfinga.
5. Reglubundnar slökunaræfingar eru mikilsverðar til þess að höfuðverkur sæki ekki á eftir að meðferð lýkur.

Endurhæfing vöðva

Hvað varðar notkun biofeedback í endurhæfingu vöðva má segja að sé við tvenns konar vandamál að etja:

1. Aukning á starfsemi vöðva sem eru í dásvefni s. s. hjá sjúklingum sem lamast hafa vegna heila-blóðfalls.
2. Minnkun á starfsemi ofvirkra vöðva eða vöðva í spasma svo sem í torticollis og dystonia.

Rannsókn á notkun EMG-biofeedback í endurhæfingu mænuveikra (poliomyelitis) sjúklinga birtist 1955 (Marinacci, 1955). Poliomyelitis er veirusjúkdómur sem leggst á frumur í fremra horni mænu og leiðir til slapplömunar (flaccid paralysis), aðallega í útlimum. Marinacci var á þeirri skoðun að jafnvel meðal mikið lamaðra sjúklinga mætti finna hreyfitaugar sem væru í dásvefni og vekja mætti til lífs með EMG-biofeedback þjálfun.

Árið 1960 birtist grein (Marinacci og Horande, 1960) þar sem notkun EMG-biofeedback við ýmiss konar truflunum á tauga- og vöðvakerfi var lýst nákvæmlega. Þessari tækni var beitt við eftirfarandi vefrænar truflanir:

- Skerðingu á hreyfitaugum þar sem einhverjar hreyfitauganna haldast óskertar.
- Lifeðlisfræðilegar hindranir (physiologic blocks) sem geta batnað, s.s. eftir að bólgur hjaðna.
- Helftarlömun (hemiplegia) vegna heilablóðfalls og Bells palsy.

Í öllum tilfellum var skerðing á tauga- og vöðvastarfsemi bætt með EMG-feedback jafnvel meðal þeirra sem höfðu átt við slíka skerðingu að stríða um þjálfun og hrið.

Í kjölfar rannsókna Marinacci og Horande (1960) hefur EMG-biofeedback verið beitt af mörgum öðrum með góðum árangri og má finna í eftirfarandi töflu yfirlit yfir helstu notkun á biofeedback í endurhæfingu.

1. Leiðrétting á holti (foot-drop) vegna heilablóðfalls hjá helftarlömuðum (hemiplegis) og cerebral palsy börnum.
2. Endurbót stöðu og vöðvastyrks hjá börnum sem þjást af cerebral palsy.
3. Minnkun á ofvirkni í störfum vöðvum.
4. Bætt stjórn á slökum vöðvum og störfum hjá þeim sem þjást af helftarlömun (hemiplegiu).
5. Starfræn aukning í hemiparesu og quadriparesu.
6. Endurhæfing vöðva eftir endurgræðslu taugar (reinnervation).
7. Minnkun á torticollis.
8. Minnkun á óæskilegri vöðvastarfsemi.
9. Endurhæfing á liðum eftir skurðaðgerð.
10. Aukið þol í stöðu (sustained activity).
11. Slökun á krampakenndum samdrætti í sködduðum vöðvum.

Árið 1976 (Brudny et al, 1976) birtist yfirlit um meðferð á 114 sjúklingum sem meðhöndlaðir höfðu verið með EMG-biofeedback. Meðal þeirra voru 45 helftar- (hemiplegiu-) sjúklingar sem þjást af dystoniu og skerðingu á mænu- og úttaugum. Allir sjúklingarnir gátu hreyft vöðvana að einhverju leyti

en ekki nóg til fullrar starfsemi og höfðu notið venjulegrar meðferðar án mikilla starfrænna bóta. Áður en meðferð hófst hafði skerðingin varað frá 3 mánuðum upp í 35 ár. Mótun hreyfivöðra sjúklingsins var í því fölginn að gefa sjúklingunum upplýsingar með sjón- og tónmerkjum um starfsemi vöðvanna. Merkin voru í beinu hlutfalli við vöðvastarfsemina í vöðvanum sem olli hinni skertu starfsemi (defective function).

Meðferðin var sniðin að þörfum hvers sjúklings fyrir sig. Sumir sjúklinganna voru þjálfaðir í að auka styrk hins slappa vöðva en aðrir voru æfðir í að minnka krampa við hreyfingu og tog.

Ein athyglisverðasta niðurstaða rannsóknarinnar var sú að þegar vel tókst að þjálfá helftarlamaða sjúklinga (sem voru um 60% af hópnum) við að ná valdi á aðalhreyfivöðva (prime mover) þá hurfu óæskileg hreyfimyntur (pathological synergy patterns). Þá ályktun má því draga að þó aðeins einn vöðvi sé þjálfður í einu muni þjálfunin alhæfast til annarra vöðva.

Þessi rannsókn sýnir á nokkuð óyggjandi hátt að möguleg er (með tilstilli vöðva-feedback) tilfærsla á stjórn frá óbeinu ytra feedback (indirect exteroceptive feedback) að beinu innra feedback hjá sjúklingum með skerta eða truflaða stjórn á tauga- og vöðvakerfi.

Í nokkrum rannsóknum hefur verið reynt að bera saman árangur af EMG-biofeedback þjálfun og venjulegri sjúkrabjálfun við meðhöndlun á þeim sem fengið hafa heilablóðfall.

Árið 1974 voru birtar niðurstöður rannsókna (Swaan et al, 1974) á 7 sjúklingum sem fengið höfðu heilablóðfall, fjórum helftarlömuðum og þrem sem þjást af mænuveiki, og höfðu krampasamdrátt í lærvöðva (peroneus longus quadriceps) í göngu.

Sex meðferðartímar skiptust í 10 mínútna sjúkrabjálfun og 10 mínútna EMG-feedback frá yfirborðslægum elektróðum. Röð meðferðar var jafnað út (counterbalanced). Niðurstöður gáfu til kynna að 5 hinna 7 sjúklinga sýndu mun meiri hæfni í að rétta úr fætinum með peroneus slakan eftir feedback í samanburði við að aflokinni sjúkrabjálfun.

Samanlögð áhrif beggja meðferðanna gerir túlkun þessara niðurstaðna erfiða.

